

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslensk erfðagreining Sturlugata 8



<b>Dags eftirlits</b>	21.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Íslensk erfðagreining	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Sturlugata 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6912953549	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur. L Norðdahl	<b>ÍSAT nr.</b>	72110
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Knútur Otterstedt, Louise Le Roux	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Íslenskri erfðagreiningu. Engin frávik komu fram við eftirlitið og engum ábendingum komið á framfæri.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins. Umfang starfseminnar er óbreytt og ekki eru fyrirhugaðar breytingar. Rekstaraðili var minntur á að tilkynna ef breytingar yrðu á rekstri skv. gr. 1.4. Skráning á úrgangi fer þannig fram að þegar pokar eru fullir eru þeir merktir viðkomandi deild sem er síðan fært út í gám í lok dags. Rætt var um meðhöndlun úrgangs og spilliefna skv. gr. 2.2 en allur úrgangur sem kemst í snertingu við erfðabreyttar lífverur er brenndur af móttökuaðila.

Í skoðunarferð um svæðið var farið yfir afmörkunarráðstafanir skv. gr. 2.3 og öryggisráðstafanir í gr. 3.1. Gufusæfir er til staðar í byggingunni og skilti sem sýnir fram á starfsemi með erfðabreyttar lífverur á viðeigandi deildum. Aðgangsstýring er bæði við komu í fyrirtækið og inn á deildir. Vinnudagbækur eru rafrænar á miðlægum gagnagrunni. Áhættumat og viðbragðsáætlun var til staðar á starfsstöð.

### ANNAÐ

Viðstöddið eftirlit voru einnig Knútur Otterstedt og Louise Le Roux frá Íslenskri erfðagreiningu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.10.2018

  
Einar Halldórsson